

Lamina Pictures ehf.  
Ármúli 40  
108Reykjavík

Reykjavík, fimmtudagur, 8. júlí 2022  
UST202207-089/Þ.B.S.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um kvikmyndatökuleyfi - BBC - Mývatn**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Lamina Pictures ehf., dagsett 7. júlí 2022, um kvikmyndaöku innan verndarsvæðis Mývatns og Laxá.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku við Mývatn á þremur stöðum með kvikmyndavél á þrífæti, kort af staðsetningu fylgdi með umsókn. Verkefnið mun fara fram 13 og 14. júlí 2022. Fjöldi starfsmanna sem koma að verkefninu eru 7 og fjöldi ökutækja sem verða notuð eru 4 en þeim er öllum lagt á bílastæðum. Ekki er þörf að fara út fyrir göngustíga eða vegi. Þá kemur fram að verkefnið feli ekki í sér neitt hugsanlegt rask á jarðvegi, gróðri eða dýralíf.

#### ***Umsagnir:***

Í samræmi við 25. gr. reglugerðar 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skal Umhverfisstofnun leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn (Ramý) áður en stofnunin veitir leyfi fyrir m.a. kvikmyndatöku.

Þann 7. júlí 2022 óskaði Umhverfisstofnun eftir umsögnum NÍ og Ramý. Umsögn Ramý barst samdægurs. Í umsögninni kemur fram að stofnunin gerir engar athugasemdir við verkefnið. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst einnig samdægurs. Í umsögn NÍ kemur fram að þar sem umóknaraðili hyggst eingöngu notast við myndavél á fæti og heldur sig á göngustígum leggst Náttúrufræðistofnun ekki gegn leyfisveitingu þar sem telja má að slík nálgun valdi ekki meiri ónæði heldur verður vegna almennrar umferðar um svæðið.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki til þess fallið að hafa áhrif á svæðið eða gesti svæðisins.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Lamina Pictures ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndaöku innan verndarsvæðis Mývatns og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan þann 13 og 14. júlí 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir  
sérfræðingur

Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
teymisstjóri